



***Fornleifaskráning fyrir RARIK á strengleið há-
og lágspennulínu að Hákonarstöðum, Jökuldal,
Múlaþingi***



Rannveig Þórhallsdóttir
2024

Forsíðumynd: Horft til norðurs yfir gamla bæjarstæðið að Hákonarstöðum, sem er utan línulagnarinnar til vesturs.



© Rannveig Þórhallsdóttir
Unnið fyrir RARIK
Apríl 2024

Efnisyfirlit

ABSTRACT	4
INNGANGUR	5
STRENGLÖGNIN	5
SKRÁNINGIN	6
HÁKONARSTAÐIR.....	6
NIÐURSTAÐA.....	11
HEIMILDIR	13



Mynd 1. Staðsetning línuskráningarsvæðisins á Íslandi.

Abstract

RARIK hired Rannveig Þórhallsdóttir, an archaeologist at the company Sagnabrunnur, to do a archaeological registration on an route of an electric cable in Hákonarstaðir, Jökuldalur valley in Múlaþing. This project has the registration nr. 3192. Five archaeological remains were found close to the registration area. According to Iceland Heritage Law Nr. 80/2012 they are considered to be in danger, but any disturbance of the archaeological remains can easily be avoided. No sanctioned archaeolgiaal remains were found within the 100 m distance of sanctioned archaeological remains. The Cultural Heritage Agency of Iceland will decide on a sufficient preservation of the archaeological remains, according to the Icelandic Heritage Law Nr. 80/2012.

Inngangur


Að beiðni RARIK var starfsmaður Sagnabrunns ehf., Rannveig Þórhallsdóttir, fornleifafræðingur, ráðin til að fornleifaskrá strenglagnir há- og lágspennulínu að Hákonarstöðum í Jökuldal, Múlapingi. Fulltrúar verkkaupa voru Haraldur Jónatan Klausen og Guðmundur Hólm. Fornleifaskráningin fékk verkefnanúmerið 3192 hjá Minjastofnun.

Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal skráning á fornleifum, húsum og mannvirkjum fara fram áður en hafist er handa við plægingu raf-, vatns- og fjarskiptalagna. Tilgangur fornleifaskráningarinnar var að kanna skv. þeim lögum heimildir um fornleifar á strengleiðinni, ásamt því að skoða lagnaleiðina á vettvangi til að meta eins nákvæmlega og unnt er hvort fornleifar sjáist á yfirborði eða gætu leynst undir sverði.

Strenglöggin

Fyrirhuguð

strenglagn há- og lágspennulínu liggur frá suðvestri til norðausturs austan við veg í landi Hákonarstaða á Jökuldal. Einnig liggur hún sunnan og norðan við veg, norðan við Hákonarstaði og í austurátt að



Mynd 2. Yfirlit yfir línulögn RARIK að Hákonarstöðum, sem sýnd er með rauðu og grænu.

Klausturseli. Þar er gert ráð fyrir að leggja línuna yfir nýju brúna yfir Jökulsá á milli Hákonarstaða og Klaustursels.

Skráningin

Í nágrenni við línulögnina hafa verið gerðar nokkrar fornleifaskráningar.¹ Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar. Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.). Því eru allar þær fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annars staðar sem eru eldri en 100 ára, friðaðar skv. lögunum. Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra skv. 22. gr. Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umleikis samkvæmt sömu grein. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nálægt fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa.

Í þessari fornleifaskráningu eru nýttar uppmælingar sem voru gerðar 31. október 2021 þegar Rannveig Þórhallsdóttir fornleifafræðingur fór á vettvang í fallegu vetrarveðri vegna annars fornleifaskráningarverkefnis. Snjóföln var þá yfir svæðinu. Ábúendur að Hákonarstöðum; Halla Eiríksdóttir, Sigvaldi Ragnarsson og Páll H. Benediktsson aðstoðuðu undirritaðan fornleifafræðing á vettvangi og gáfu upplýsingar um minjar. Þá voru fornleifar mældar upp með Trimble Nomad 5. Skoðaðar voru þær fornleifar sem mældar höfðu verið upp í 15 m fjarlægð til sitthvorrar hliðar við strenglínuna.

Hákonarstaðir

Jörðin er samkvæmt Landnámabók landnámsjörð Hákonar sem nam dalinn vestan Jökulsár. Jarðarinnar er einnig getið í Fljótsdæla sögu og í máldaga Möðrudalskirkju frá 1493 getur um bænhús að Hákonarstöðum. Þá var bærinn í Möðrudalssókn.² Í *Sveitir og jarðir í Múlapingi* getur um fjölda fornra rústa að Hákonarstöðum. Þriggja metra vegghleðslur komu til að mynda í ljós þegar grafið var fyrir súrgryfju, þá fannst axarblað á um 3 m dýpi (nú glatað). Bæjarhóllinn að Hákonarstöðum (NM-120:001) er talinn vera um 50 m norður af núverandi íbúðarhúsi að Hákonarstöðum 2 (sjá mynd á forsíðu). Árið 1911 stóðu sjö hús að

¹ Adolf Friðriksson (ritstj.). (2001). „Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðrar virkjunar við Kárahnjúka.“ Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands. FS135a-00061; Adolf Friðriksson og Ragnar Eðvardsson. (2001). „Kárahnjúkavirkjun. Fornleifar og vatnafar.“ Fornleifastofnun Íslands. FS150-00062; Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. (1999). „Menningarminjar í Jökuldals- og Hlíðarhreppi í Norður-Múlasýslu, Svæðisskráning.“ Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands, FS080-98089; Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. (1998). „Menningarminjar á Fljótsdalshéraði og í Borgarfirði eystra. Greinargerð um svæðisskráningu.“ Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands. FS072-98081; Rannveig Þórhallsdóttir. (2021). „Fornleifaskráning vegna ljósleiðara á Héraði, 2. áfangi. Jökulsárhlið og Jökuldalur.“ Sagnabrunnur ehf; Rannveig Þórhallsdóttir. (2021). „Fornleifaskráning vegna ljósleiðara á Héraði, 2. áfangi. Jökulsárhlið og Jökuldalur. Viðbótarskýrsla vegna breytinga á lagnaleið ljósleiðara á mili Hákonarstaða og Merkis.“ Sagnabrunnur ehf; Rannveig Þórhallsdóttir. (2021). „Fornleifaskráning vegna deiliskipulags að Hákonarstöðum, Jökuldal, Múlapingi.“

² Ármann Halldórsson, 1973. *Sveitir og jarðir í Múlapingi, I. bindi*, bls. 295-297; J. Johnsen. 1847; *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn, bls. 359; Páll Pálsson, 1997. *Múlapingi*, 24, „Teikningar af bæjum í Jökuldal“.

Hákonarstöðum með þilstöfnum fram á hlað. Baðstofan var alþiljuð 13x5 álnir, fjórskipt og sérlega vönduð, svo og önnur bæjarhús, 9x6 álnir. Hún var rifin um 1970, hún stóð þá ófúin og stóðst hallarmál. Bænhúshóll (NM-120:002) stóð þar sem nýja íbúðarhúsið að Hákonarstöðum 2 var reist, en kirkjugarður var í kringum Bænhúshól.³ Á hlaði gamla bæjarins er Brunnhúshóll og Brunnur þar sem nú liggur þjóðvegur.⁴ Þessar minjar eru allar vestan og utan við línulögnina.

3192-1. Fremstikofi. Fjánhús.

Yfirflokkur: Býli.

Tegund: Rutt svæði.

Hlutverk: Fjánhús.

Ástand: Illgreinanlegt.

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda.

Verndun: Friðað.

Á vettvangi var hægt að greina sléttað svæði, um 13x7 m, sem lá A-



Mynd 3. Horft til austurs yfir sléttað svæði 3192-1.

V. Í um 35 m fjarlægð austan við sléttaða svæðið er merkt inn örnefnið Fremstikofi sem samkvæmt örnefnaskrá var rifinn.⁵ Ábúendur telja að Fremstikofi hafi staðið á svæðinu sem mælt var upp.

Sléttaða svæðið er í um 11 m austan við áætlaða línulögn og telst því í hættu samkvæmt skilningi laga nr. 80/2012.

³ Orri Vésteinsson og Sædis Gunnarsdóttir, 1999. *Menningarminjar í Jökuldals- og Hlíðarhreppi í Norður-Múlasýslu. Svæðisskráning*, bls. 71; Ármann Halldórsson, 1975. *Sveitir og jarðir í Múlaþingi, I. bindi*, bls. 268-269.

⁴ Örnefnaskrá Hákonarstaða í Jökuldal, 1973.

⁵ Örnefnaskrá Hákonarstaða, bls. 4.

3192-2. Tóft. Bleikkukofi. Hesthús.

Yfirflokkur: Býli.

Tegund: Tóft.

Hlutverk: Hesthús.

Ástand: Illgreinanlegar.

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda.

Verndun: Friðað.

Á vettvangi var hægt að greina óljósar



Mynd 4. Horft til norðurs yfir meinta tóft 3192-2.

hringlaga tóftir, um 6,5 x 7,7 m að utanmáli, 3,2 x 4,6 að innanmáli, með stefnuna NA-SV. Hæð veggja um 0,2-0,3 m. Í um 35 m fjarlægð austan við uppmælda svæðið er merkt inn örnefnið Bleikkukofi sem samkvæmt örnefnaskrá var smáhesthús fyrir tvo hesta.⁶ Ábúendur telja að þarna sé um að ræða tóft Bleikkukofa.

Tóftin er í um 14 m austan við áætlaða línulögn og telst því í hættu samkvæmt skilningi laga nr. 80/2012.

3192-3. Tóft. Kvíaból.

Yfirflokkur: Býli.

Tegund: Tóft.

Hlutverk: Kvíar.

Ástand: Greinanlegar.

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda.

Verndun: Friðað.

Kvíaból er að sögn landeigenda eldri



Mynd 5. Horft til austurs yfir tóftir 3192-3, Kvíaból.

en elstu menn muna, þar hafa ekki verið kvíar í manna minnum. Samkvæmt bæði landeigendum og örnefnaskrá lenti tóftin Kvíaból að mestu leyti undir bílveginum sem liggur til suðurs og austurs að Klausturseli. Mældar voru upp eftirstandandi tóftir vestan við veginn, en hægt er að gera ráð fyrir að tóftirnar liggi að hluta til undir veginum. Tóftirnar eru grasi og mosa grónar, um 15x11 m að utanmáli

⁶ Örnefnaskrá Hákonarstaða, bls. 4.

og liggja A-V. Veggir eru rofnir til austurs, vesturs og suðurs. Hæð veggja um 1.3 m og breidd um 2,5-3 m.

Eftirstandandi tóftir eru í um 22 m fjarlægð vestan við línulögnina. Heimildir benda til að Kvíaból hafi lent að hluta til undir vegi en línulögnin er í um 12 m fjarlægð austan við veginn þar sem engar minjar eru greinilegar. Því ætti auðveldlega hægt að komast hjá raski á minjum.⁷

3192-4. Heimild. Fjalarfæri.

Yfirflokkur: Samgönguminjar.

Tegund: Heimild.

Hlutverk: Samgöngubót.

Ástand: Sjást ekki.

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda.

Verndun: Friðað.

Í örnefnaskrá Hákonarstaða segir að í Jökulsá, undir brúnni, heitir Fjalarfæri og að sagnir herma að þar hafi verið lögð tré yfir ána þegar lítið



Mynd 6. Horft til vesturs eftir gömlu brúnni yfir Jökulsá. Fjalarfæri er merkt inn á örnefnaskrá sunnan við brúna, á því svæði sést hér undir brúnni.

vatn var í henni og gengið þar yfir. Samkvæmt örnefnaskrá verður áin aldrei svo lítil að þetta sé hægt, en þegar lítið er í henni sjái vel í þrengsli niðri í vatninu.⁸

Samkvæmt tillögu mun línan liggja meðfram nýju brúnni yfir Jökulsá. Fjalarfæri er merkt inn á örnefnaskrá neðar en línan mun liggja og í um 14 m fjarlægð og telst hún því í hættu samkvæmt skilningi laga nr. 80/2012 þar sem farið er inn fyrir friðhelgunarsvæði minja, en þó má telja mjög ólíklegt að minjarnar verði fyrir hnjaski við línulögnina.

3192-5. Gamla brúin yfir Jökulsá.

Yfirflokkur: Samgönguminjar.

Tegund: Mannvirki.

Hlutverk: Samgöngubót.

Ástand: Greinanlegar.

⁷ Munnlegar heimildir frá landeigendum; Örnefnaskrá Hákonarstaða, bls. 4.

⁸ Munnlegar heimildir frá landeigendum; Örnefnaskrá Hákonarstaða, bls. 4; Arna Björk Stefánsdóttir. (2019). „Vegminjar. Norður- og Norðausturland.“ Unnið fyrir Vegagerðina, bls. 35.

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda.

Verndun: Friðað.

Gamla brúin yfir Jökulsá á milli Hákonarstaða og Klaustursels (sjá mynd 4) er 27,4 m löng grindarbitabrú, auk landhafs, byggð árið 1908. Akbrautarbreidd hennar er 2,8 m og var hún hækkuð árið 1953. Langbitar og gólf voru endurnýjuð 1976. Stálvirki brúarinnar var framleitt í Ameríku.⁹

Þar sem lína háspennu liggur minnst í um 13 metra fjarlægð sunnan við brúna telst hún í hættu í skilningi laga nr. 80/2012 þar sem hún fer inn fyrir friðhelgunarsvæði minja, en þó má telja mjög ólíklegt að brúarminjarnar verði fyrir hnjaski við línulögnina.

Nr.	Teg.	F j .	Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Frið l	Mótvægisáðg.	ÍSNET hnit
3192-1	Rutt svæði. Fremstahús.	1	Framkv.	Í hættu	Sést ekki	1800- 1900	Nei	Mælt upp og ljósmyndað.	675263.31 526387.33
3192-2	Tóft. Bleikkukofi.	1	Framkv.	Í hættu	Illgreinanlegar	1800- 1900	Nei	Mælt upp og ljósmyndað.	675274.07 526407.31
3192-3	Tóft. Kvíaból.	1	Framkv.	Í hættu	Greinanlegar	800- 1900	Nei	Mælt upp og ljósmyndað.	675451.27 526398.7
3192-4	Heimild. Fjalarfæri.	1	Framkv.	Í hættu	Sést ekki	1600- 1900	Nei	Hnitsett og ljósmyndað.	675579.72 526325.46
3192-5	Mannvirki. Hákonarstaðarbrú.	1	Framkv.	Í hættu	Greinanlegar	1908	Nei	Hnitsett og ljósmyndað.	675588.52 526337.30

Tafla 1.

⁹ Munnlegar heimildir frá landeigendum; Örnefnaskrá Hákonarstaða, bls. 4; Arna Björk Stefánsdóttir. (2019). „Vegminjar. Norður- og Norðausturland.“ Unnið fyrir Vegagerðina, bls. 35-38.

Niðurstaða

Engar friðlýstar minjar fundust á deiliskipulagssvæðinu. Í töflu 1 má sjá yfirlit yfir minjarnar sem fundust í nálægð við línulögnina. Á svæðinu fundust fimm minjar sem ýmist voru heimildir um eða voru greinanlegar á yfirborði. Það ætti auðveldlega að vera hægt að komast hjá því að raska þeim öllum með því að fara að gát í nálægð við minjarnar. Fremstikofi (3192-1) er í um 11 m fjarlægð við línulögn, Bleikkukofi (3192-2) er einnig í 13 m fjarlægð, Kvíaból (3192-3) er í 12 m fjarlægð, Fjalarfæri (3192-4) í 14 m fjarlægð og Hákonarstaðabrá (3192-5) í 13 m fjarlægð. Minnt er á að allar minjar sem eru eldri en 100 ára eru friðaðar og þeim fylgir 15 m friðhelgunarsvæði út frá ystu mörkum þeirra. Þegar ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifa eða þær þarf að fjarlægja vegna fyrirhugaðra framkvæmda þarf að grípa til mótvægisáðgerða. Slíkar áðgerðir geta verið allt frá breytttri áætlun um framkvæmdir sem taka tillit til fornleifa (1. kostur), nákvæmri GPS staðsetningu og ljósmyndun, að nákvæmri fornleifarannsókn, s.s. könnunarskurðum. Þá er tekinn þverskurður í gegnum minjarnar, snið teiknað og ljósmyndað og gjóskulaga leitað til að aldursgreina eftir atvikum. Leita þarf leyfis Minjastofnunar Íslands í öllum tilfellum og stofnunin ákveður umfangið og setur þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynleg. Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja.



Mynd 7. Yfirlitsmynd yfir hnitsettar og uppmældar minjar nálægt línulögninni að Hákonarstöðum.

Heimildir

Adolf Friðriksson (ritstj.). (2001). „Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðrar virkjunar við Kárahnjúka.“ Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands. FS135a-00061.

Arna Björk Stefánsdóttir. (2019). „Vegminjar. Norður- og Norðausturland.“ Unnið fyrir Vegagerðina.

Ágúst Ó. Georgsson. (1990). „Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar.“ Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík.

Ármann Halldórsson, (1974). *Sveitir og jarðir í Múlaþingi, I. bindi*, Búnaðarsamband Austurlands.

J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn.

Kristján Eldjárn. (2016). *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi*, Þjóðminjasafn Íslands o.fl.

Lög um menningarminjar. Nr. 80, 29. júní 2012.

Minjavefsjá Minjastofnunar Íslands (www.map.is/minjastofnun/#)

Orri Vésteinsson og Sædis Gunnarsdóttir. (1999). „Menningarminjar í Jökuldals- og Hlíðarhreppi í Norður-Múlasýslu, Svæðisskráning.“ Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands, FS080-98089.

Orri Vésteinsson og Sædis Gunnarsdóttir. (1998). „Menningarminjar á Fljótsdalshéraði og í Borgarfirði eystra. Greinargerð um svæðisskráningu.“ Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands. FS072-98081.

Páll Pálsson. 1997. „Teikningar af bæjum á Jökuldal.“ Múlaþing 24: 147-156. Héraðsnefnd Múlasýslna, Egilsstöðum.

Túnakort (1918) *Hákonarstaða* í Jökuldalshreppi. Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík.

Rannveig Þórhallsdóttir. (2020). „Fornleifaskráning vegna lagningar ljósleiðara á Efri-Jökuldal.“ Sagnabrunnur ehf.

Rannveig Þórhallsdóttir. (2021). „Fornleifaskráning vegna ljósleiðara á Héraði, 2. áfangi. Jökulsárhlíð og Jökuldalur.“ Sagnabrunnur ehf.

Rannveig Þórhallsdóttir. (2021). „Fornleifaskráning vegna ljósleiðara á Héraði, 2. áfangi. Jökulsárhlíð og Jökuldalur. Viðbótarskýrsla vegna breytinga á lagnaleið ljósleiðara á milli Hákonarstaða og Merkis.“ Sagnabrunnur ehf.

Rannveig Þórhallsdóttir. (2021). „Fornleifaskráning vegna deiliskipulags að Hákonarstöðum, Jökuldal, Múlaþingi.“ Sagnabrunnur ehf.

Örnefnaskrá. (1975). *Skrá yfir örnefni að Hákonarstöðum í Jökuldal*, Örnefnastofnun.